

Rangárþing ytra  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 3. júlí 2018  
UST201805-101/K.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Fornhagi – Rangárþing eystra**

Visað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Fornhaga í Rangárþingi eystra.

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að skipta lóð út úr jörðinni Fornhaga og skipuleggja þá lóð fyrir fjölbreytta ferðaþjónustu. Gert er ráð fyrir að á svæðinu verði tjald- og húsbýlasvæði, smáhýsi allt að 50 talsins og þjónustuhús. Áætluð ferðaþjónustulóð verður alls 13 ha á landi sem hefur verið nýtt fyrir beit.


### **Smáhýsi**

Umhverfisstofnun bendir á að 50 smáhýsi geta haft áhrif á ásýnd svæðis. Einnig bendir stofnunin á að Suðurlandsvegur liggur meðfram áætluðu ferðaþjónustusvæði og mun það verða afar sýnilegt frá honum. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að huga vel að staðsetningu áætlaðra smáhýsa svo forðast megi neikvæð sjónræn áhrif og tekur stofnunin undir það að hús verði í jarðlitum.


### **Votlendi**

Samkvæmt skipulagsvefsjá er votlendi á áætluðu skipulagssvæði, og þar liggur tjörn er nefnist Rotaflóð. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta mýrar og votlendi sérstakrar verndar. Í 61. gr. ofangreindra laga kemur fram að eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr.: a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur o.s.frv. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki verði röskun á votlendi við áætlaðar framkvæmdir. Einnig bendir stofnunin á að suðurland er mikið fuglasvæði og því er mikilvægt að haga framkvæmdum með þeim hætti að varp fugla verði ekki í hættu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir að öðru leyti ekki athugasemdir.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Agnar B Bragason  
Teymisstjóri